

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opíð brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1899, undirskrifað af konungi 20. janúar 1899 (A nr. 2, bls. 4—5).

Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 3, bls. 6—33).

Auglýsing um ásigkomulag ljóslera og hljóðbendingaverkfæra. er við skal hafa á íslenskum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A nr. 4, bls. 34—45).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um lán til vegagjörða. — Eftir móttöku þóknans brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 25. f. m., vil jeg hjer með veita sýsluvegasjóði Borgarfjarðarsýslu 6000 króna lán úr landssjóði til vegagjörða í sýslunni með því skilyrði, að lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% á ári af hinni upphaflegu upphæð. Af láni þessu endurborgast 800 kr. lán það, er sýslunni var veitt af landssjóði með brjefi mínu, dagsettu 4. október f. á.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um synjun á leyfi til að halda lotterí — Með brjefi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sent hingað erindi frá stjórnarnefnd »Lestrartjelags Lágatellssóknar« um leyfi til að halda lotterí um 10 vetra gamlann reiðhest, er fjelaginu hafi verið gefinn, og skyldi ágóðanum varið til borgunar upp í kostnaðinn við bygging á fundarhúsi fjelagsins, er einnig er notað til þinghalda og annara fundarhalda sveitarinnar.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn næga ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um synjun á leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. f. m., hafð þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um erindi frá Goodtemplarstúku á Saudárkrók um leyfi til að halda lotterí á eftirnefndum munum:

1. kvensöðli	60 kr. virði
2. hnakki	40 — —
3. stundaklukku,	45 — —
4. vatnsstígvjelum	25 —
5. stígvjelaskóm	11 — —

3. dag aprilm. 1899.

40	6. skúfhólki	10 — —
9. marz	7. reizlu	9 — —

og skyldi ágóðanum varið til styrktar nefndu fjelagi.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn næga ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

41
21. marz **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um kostnað við framfærslu þurfamanns.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, skotið til mín ágreiningi um endurgjald á sveitarstyrk milli yðar og amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu, er neitar að skylda Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu til að endurgjalda sveitarsjóði Þingvallahrepps í Árnassýslu 31 kr. 50 a. framlag með hinum alkunna flökkumanni, Jóhanni Bjarnasyni »bera«, sem viðurkenndur er sveitlægur í Kirkjuhvammshreppi, og hafið þjer farið fram á, að Kirkjuhvammshreppur verði skyldaður til að greiða sveitarsjóði Þingvallahrepps nefnda upphæð

Eftir því sem hreppsnefndin í Þingvallahreppi hefir frá skýrt, var Jóhann Bjarnason »beri« staddur þar í hreppi haustið 1896 og beiddist þar verustaðar um veturinn, með því að hann eigi væri fær til að fara bæja á milli í hverju veðri að vetrarlagi. Var honum þá útvegaður verustaður fyrst um sinn í Heiðarbæ gegn 75 aura meðgjöf um daginn, og dvaldi hann þar frá 6. nóv. til 18. desbr. 1896. Þá átti hann að hafa verustaðaskipti en fór á flæking og komst burt úr hreppnum. 3. apríl 1897 ritadi svo hreppsnefndin í Þingvallahreppi sýslumanni sínum og beiddist aðstoðar hans til að fá framlag sitt endurgöldið. Hreppsnefndin í Kirkjuhvammshreppi hefir neitað að greiða upphæðina meðal annars af þeirri ástæðu, að styrkveitingin hefði eigi verið tilkynnt af hálfu Þingvallahrepps fyr en um 5 mánuðum eptir að Jóhann var tekinn á framfæri. Á þessari ástæðu hreppsnefndarinnar byggir amtmaðurinn yfir Norðuramtinu og Austuramtinu neitun sína um að skylda Kirkjuhvammshrepp til að greiða hinar umkröfðu 31 kr. 50 a., en þjer hafið aptur á móti haldið því fram, að ekki verði farið eptir hinum almennu reglum, sem gilda um skilyrðin fyrir því að fá fátækra styrk endurgöldinn, þar sem Jóhann Bjarnason eigi í hlut, hvorki að því leyti, er snerti aðsjónargjörð nje tilkynning um að byrjad sje að veita þurfamanni styrk, enda verði eigi sagt að Kirkjuhvammshreppur hafi beðið neinn halla af því, þótt tilkynningin drægist nokkuð.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Þingvallahreppi, að með því að jeg verð að vera amtmanninum yfir Norðuramtinu og Austuramtinu samdóma um, að hreppsnefndin í Þingvallahreppi hafi eigi í tæka tíð sent tilkynning um hina umræddu styrkveiting, sbr. meðal annars lhbr. 10. marz 1888 (Stjtið. 1888 B. bls. 57—58), úrskurðast hjer með að Kirkjuhvammshreppur skuli eigi skyldur að endurgjalda Þingvallahreppi hinar umræddu 31 kr. 50 a.